

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 67. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 27. febrúar. 2014, kl 10:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Gjaldskrárhloti fasteigna og þjónustugjalda 2014, síðari umræða
3. Gjaldskrár hitaveitu
4. Fundargerð Skólanefndar dags. 3. feb.
5. Gjaldskrá leikskóla
6. Gjaldskrá tónlistarskóla
7. Erindi frá Orkustofnun, beiðni um umsögn um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki
8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflogvelli, 217 mál.
9. Erindi frá H.S.P. beiðni um styrk vegna Landsmóts 50+ og aldarafmælis
10. Bréf Reinhards Reynissonar A.P. vegna breytinga á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun
11. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 25. feb.
12. Málefni hitaveitu
13. Snjómokstur á Þjóðvegi 1

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 29. jan.

Afrit af bréfi Landsvirkjunar dags. 18. feb. til Skipulagsstofnunar

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 17. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

## 1. Fundarsetning

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11, 12 og 13 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

## 2. Gjaldskrárhloti fasteigna og þjónustugjalda 2014, síðari umræða

### Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2014.

- Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- Lóðaleiga, kr. 10,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 15.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2014. Gjaldldagi gjalda undir kr. 15.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2014, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

#### 100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur all að kr. 2.650.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.700.000-

#### 80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.650.000- til kr. 3.040.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.700.000- til kr. 4.120.000-

#### 50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 3.040.000- til kr. 3.540.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 4.120.000- til kr. 4.920.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2013 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

#### Sorphirðugjöld:

A.) Íbúðir

Sorphirðugjald kr. 39.800,- á íbúð

B.) Fyrirtæki.

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr. 39.800,-

b) kr. 109.500,-

c) kr. 199.700,-

d) kr. 366.500,-

e) kr. 550.000,-

f) kr. 715.000,-

g) kr. 1.084.300,-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2014, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að afla henni staðfestingar.

### **3. Gjaldskrár hitaveitu**

Eftirfarandi gjaldskrár lagðar fram til síðari umræðu.

#### **Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar**

##### **1. gr.**

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

##### **2. gr.**

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

##### **3. gr.**

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 142,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 114,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 86,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

##### **4. gr.**

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” ..... kr. 1.237,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ ..... kr. 2.493,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri ..... kr. 4.967,-

##### **5. gr.**

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.128,-

Gjald dagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

#### 6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m<sup>3</sup>:

Fyrir 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	228.501,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	198,-
Hús stærri en 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	545.247,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	159,-
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	30.343,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk .....

.....	kr.	2.255,-
-------	-----	---------

í hvert skipti.

#### 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

#### 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 21. feb. 2013.

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps við tvær umræður, þ.e. 13. febrúar 2014 og 27. febrúar 2014

### Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi.

#### 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

#### 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heintaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 142,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 114,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 86,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vatnshiti breytist.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” ..... kr. 1.237,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ ..... kr. 2.493,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri ..... kr. 4.967,-

### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæla álestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald, kr. 1.128,-.

Gjaldnagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

### 6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimæð .....	kr.	473.403,-
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	30.343,-

Lóðarhafar greiða auk heimæðargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk ..... kr. 2.255,-  
í hvert skipti.

### 7. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

### 8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

### 9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 21. febrúar 2013.

Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps við tvær umræður, þ.e. 13. febrúar 2014 og 27. febrúar 2014.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárnar samhljóða og felur sveitarstjóra að afla þeim staðfestingar.

#### 4. Fundargerð Skólanefndar dags. 3. feb.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er farið yfir málefni Tónlistarskóla en 12 nemendur eru nú við skólann. Þá voru rædd málefni grunnskólans og þeir viðburðir sem fyrirhugaðir eru fram að skólaslitum. Kynnt var niðurstaða úr könnuninni „Líðan í skólanum“ og einnig var kynnt niðurstaða samræmdra prófa frá síðasta hausti.

Í þriðja lið eru tekin fyrir málefni leikskólans. Fram kemur að leikskólastjóri hafi sagt frá fyrirkomulagi sumaropnunar 2013. Nefndin leggur til að fyrirkomulag sumarsins verði reynt aftur og tekin verði ákvörðun á haustdögum um fyrir komulagið 2015. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við hækkun á gjaldskrá tónlistarskóla en leggst gegn hækkun á gjaldskrá leikskóla.

Í fjórða lið kemur fram að nefndarmenn komi með tillögur að breytingum á skólastefnu á næsta fund.

Undir liðnum önnur mál kemur fram að Finnskur kennari hafi haft samband og óskað eftir samstarfi við kennara og skólann. Kennararnir kynntust í gegnum Austurríkissamstarfið. Einhver kostnaður gæti fallið til vegna þessa. Áhugi er innan skólans til að taka á móti þeim vorið 2015 en halda samt opnu að halda áfram ferðinni til Austurríkis ef boð um þátttöku þar um heldur áfram að berast. Skólanefnd tekur jákvætt í samstarf sem eflir víðsýni nemenda.

Sveitarstjórn samþykkir þriðja lið fundargerðarinnar hvað sumaropnum varðar.

Sveitarstjórn deilir hins vegar ekki skoðun nefndarinnar á gjaldskrá leikskólans. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

#### 5. Gjaldskrá leikskóla

##### *Gjaldskrá leikskólans Yls.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2014 á fundi 28. nóvember 2013, 5% hækkun á gjaldskrá leikskólans Yls. Nýja gjaldskráin fer hér á eftir:

Verð pr. mánaðarklst. kr. 3.689-

Dæmi: Barn er í vistun 4 klst. á dag. Gjaldið verður því  $4 \times 3.689 = 14.756$ .

\* Börnum einstæðra foreldra er veittur 25% afsláttur.

\*Systkinaafsláttur er eftirfarandi:

2. barn 25%

3. barn 50%

4. barn 75%

Afsláttur er veittur af því gjaldi sem lægra er ef um mislanga vistun systkina er að ræða.

\*Frá og með 1. sept. ári áður en grunnskólanám hefst er leikskólavist fimm ára barna foreldrum að kostnaðarlausu. Greiða skal þó fyrir fæði barnanna.

Við útreikning á gjöldum er ávallt reiknað með 20 dögum í mánuði.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.

## 6. Gjaldskrá tónlistarskóla

### **Gjaldskrá Tónlistarskóla Mývatnssveitar.**

#### **Gildir frá og með vorönn 2014.**

Fullt nám er 2 x 30 mín. á viku. Ef kennslustundir eru styttri en 30 mín., þá er gjaldið lækkað hlutfallslega.

Fullt nám	22.463-
<sup>3</sup> / <sub>4</sub> nám	19.096-
<sup>1</sup> / <sub>2</sub> nám	14.611-
Hóptímar minni (2-4)	8.995-
Hóptímar stærri (5 o.fl.)	5.616-
Fullorðnir greiða 20% álag	
Hljóðfæraleiga	3.994-

#### *Fjölskylduafsláttur:*

2. meðl. fjölskyldu fær 20% afslátt

3. meðl. fjölskyldu fær 40% afsl.

4. meðl. fjölskyldu fær 60% afsl.

Ekki er veittur afsláttur af hljóðfæraleigu.

Gjaldskráin miðast við hverja önn.

Nemendur greiða skólagjöld við upphaf hverrar annar. Hætti nemendur námi verður ekki um endurgreiðslur skólagjalda að ræða nema til komi veikindi eða aðrar sérstakar ástæður.

**Kennsla fellur niður á starfsdögum Reykjahlíðarskóla. ATH.**

**Samþykkt var í sveitarstjórn við fjárhagsáætlanagerð 28. nóvember 2013 að hækka gjaldskrá Tónlistarskólans um 5%.**

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.

## 7. Erindi frá Orkustofnun, beiðni um umsögn um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki

Með bréfi dags. 17. feb. s.l. óskar Orkustofnun eftir umsögn sveitarfélagsins á umsókn Landsvirkjunar um endurnýju á rannsóknarleyfi í Gjástykki. Orkustofnun vísar til m.f. umsóknar Landsvirkjunar dags. 9. jan. s.l. um endurnýjun leyfis til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnánum vegna mögulegrar orkuvinnslu í Gjástykki í samræmi við 4 og 5 gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu.

Í bréfinu kemur fram að Orkustofnun hafi kynnt sér umsóknina sem einungis tekur til yfirborðsrannsókna en ekki djúpborana. skv. 3. mgr. 1. gr. auðlindalaga gilda einnig náttúruverndarlög, skipulagslög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða. Þá kemur fram að Alþingi hafi samþykkt lög um verndar- og orkunýtingaráætlun 14. janúar 2013 og samkvæmt ályktun þingsins var Gjástykki flokkað í verndarflokk eins og fram kemur í umsókn Landsvirkjunar.

Skv. 5. Gr. laga nr. 57/1998 felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar auk annarra skilmála sem tilgreindir eru í nefndum lögum og

Orkustofnun telur nauðsynlega. Rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til auðlindanýtingar.

Þar sem umrætt rannsóknarsvæði í Gjástykki tekur til landsvæðis í verndarflokki samkvæmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun er Orkustofnun sem leyfisveitanda skv. lögum nr. 57/1998, m.s. br. heimilt, að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011, að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki að öðrum skilyrðum uppfylltum sem Orkustofnun telur nauðsynleg.

M.f. er umsögn og samþykki Umhverfisstofnunar dags. 13. feb. s.l.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps veitir jákvæða umsögn með eftirfarandi skilyrðum að eingöngu verði heimilaðar yfirborðsrannsóknir sem felast í rekstri jarðskjálftamæla og mælinga á vatnsborði í borholum sem þegar eru til staðar. Ekki verði um að ræða rannsóknir vegna efnisnáma sem fela í sér könnun jarðlaga með borun eða greftri eða aðrar rannsóknir sem fela í sér að yfirborði verði raskað.

Karl Emil, Böðvar og Guðrún María viku af fundi undir þessu lið. Sæti þeirra tóku Birgir Steingrímsson og Auður Jónsdóttir.

#### **8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, beiðni um umsögn um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkflugvelli, 217 mál.**

Með tölvupósti dags. 19. feb. er óskað umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkflugvelli ( heildarlög, yfirstjórn og ábyrgð Alþingis) 217. mál.

Fram kemur að markmið laganna sé að tryggja ábyrgð Alþingis á gerð skipulagsáætlana og þátttöku í veitingu framkvæmda- og byggingarleyfa á Reykjavíkflugvelli. Í 3. gr. frumvarpsins segir að ráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á vellinum, Alþingi skuli skipa fimm menn í skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkflugvallar. Tveir skuli skipaðir skv. tilnefningu ráðherra, tveir skv. tilnefningu Reykjavíkurborgar og einn án tilnefningar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur mikilvægt að skipulagsvaldið sé í höndum sveitarfélaga. Hins vegar megi líta svo á að málefni Reykjavíkflugvallar og framtíðar hans skipti landsbyggðina verulegu máli og ekkert óeðlilegt að landsmenn allir hafi aðkomu að þeim ákvörðunum sem um hann eru teknar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur óþarft og leggst alfarið gegn því að Alþingi eða sérstök nefnd á þess vegum fái skipulagsvald yfir flugvallasvæðinu, en bendir þess í stað á að skipulagsmál á Reykjavíkflugvelli eiga vel heima í landsskipulagsstefnu enda segir þar í 7. gr. reglugerðar nr. 1001/2011 um viðfangsefni landsskipulagsstefnu: „ Í landsskipulagsstefnu skal lýsa áherslum ríkisins um skipulagsmál og gera grein fyrir tengslum þeirra við stefnu stjórnvalda í málaflokkum sem varðar landnotkun, svo sem um byggðamál, náttúruvernd, orkumál og **samgöngur**“.

#### **9. Erindi frá H.S.Þ. beiðni um styrk vegna Landsmóts 50+ og aldarafmælis**

Með bréfi dags. 14. feb. óskar Elín S. Harðardóttir framkv.stj. Héraðssambandsins eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna vegna Landsmóts 50+ og í tilefni aldarafmælis H.S.Þ en allmargir afmælistengdir viðburðir eru fyrirhugaðir.

Sveitarstjórn samþykkir styrk til verkefnisins kr. 51.000,- (50+)

#### **10. Bréf Reinharðs Reynissonar A.Þ. vegna breytinga á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun**

Með bréfi dags. 10. feb. vekur Reinhard Reynisson framkv.stj. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga athygli sveitarstjórnar á breytingu á lögum 160/2011 um svæðisbundna



flutningsjöfnun. Fram kemur að tvö svæði njóta 20% flutningsjöfnunarstyrks enda fari flutningsvegalengd yfir 390 km. Þessi svæði eru Vestfirðir og hluti Norðausturlands. Við vinnslu frumvarpsins á sínum tíma gerði A.Þ. athugasemdir við að ætlunin væri að aukin flutningsjöfnun nægði einungis til Vestfjarða. Niðurstaðan varð að Vopnafjarðarhreppur, Langanesbyggð, Svalbarðshreppur og Norðurþing bættust við en af einhverju ástæðum sá löggjafinn ekki ástæðu til að hafa Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit með á því svæði sem nyti aukinnar flutningsjöfnunar. Í ljósi tilgangs laganna er eðlilegt að allt starfssvæði A.Þ. sitji við sama borð í þessu líkt og við á um starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Óskað er eftir sjónarmiðum sveitarstjórnar á ofanrituðu og þess jafnframt óskað að hún beiti sér í málinu ásamt A.Þ. og komi þessu sjónarmiðum á framfæri við þingmenn kjördæmisins. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur heils hugar undir þá skoðun bréfrítara að sanngjarnt og eðlilegt sé að sveitarfélög í Þingeyjarsýslum sitji öll við sama borð hvað flutningsjöfnunarstyrki varðar.

#### **11. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 25. feb.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að Félags- og menningarmálanefnd hafi í janúar s.l. auglýst eftir umsóknum um styrki vegna lista og menningarstarfs. Um breytt fyrirkomulag er að ræða frá því sem verið hefur og nú er auglýst tvisvar á ári eftir umsóknum þ.e. í janúar og ágúst. Úthlutanir fara fram í næsta mánuði á eftir. Í þetta sinn bárust þrjár umsóknir þ.e. frá Bjarna Jónassyni og Davíð Erni Hanssyni f.h. Menningarfélagsins Gjallanda. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að styrkja verkefnið um kr. 100.000,-. Frá Guðrúnu Brynleifsdóttur f.h. verkefnisins Heimboð á Jónsmessunótt- jólasveinarnir í Dimmuborgum. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að styrkja verkefnið um kr. 150.000,- og frá Guðrúnu Brynleifsdóttur f.h. verkefnisins Þjóðsögur í Mývatnssveit. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að styrkja verkefnið um kr. 100.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Félags- og menningarmálanefndar á öðrum lið fundargerðarinnar. Aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

Dagbjört boðaði varamann á umræddan fund Félags- og menningarmálanefndar og vék af fundi undir þessum lið.

#### **12. Málefni hitaveitu**

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að ná samkomulagi við Landeigendafélag Vogunga vegna ágreinings um hitaveitumál. Oddviti gerði grein fyrir samskiptum og fundum undanfarna mánuði og er sveitarstjórn sammála um að fullreynt sé að lausn náist. Því samþykkir sveitarstjórn að fela Karli Axelssyni lögmanni sveitarfélagsins málið.

Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

#### **13. Ályktun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps vegna fækkunar snjómokstursdaga á Fjöllum.**

Fréttir bárust af því í gær að Vegagerðin hygðist fækka snjómokstursdögum á Fjöllum á leiðinni frá Námaskarði austan Mývatns að Skjöldólfsstöðum sem og Vopnafjarðarheiði niður í tvo daga í viku. Þá er þess getið að boðuð breyting eigi að taka gildi frá og með morgundeginum 28. febrúar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mótmælir harðlega fækkun mokstursdaga á Þjóðvegi 1, austur Fjöllin. Nefnd leið er eina veltengingin milli norður og austurlands, þá er þessi leið hluti af mikilvægu almenningssamgangnakerfi landsins.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.